

AUGLÝSING

52

24. marz

um kosningu alþingismanns fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Með því að sæti alþingismanns fyrir Ísafjarðarkaupstað er autt orðið, þar sem Finnur Jónsson, alþingismaður, er látinn, þá er hér með, samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Ísafjarðarkaupstað fyrir þann tíma, er hinn látni þingmaður átti eftir, skuli fara fram 15. júní næstkomandi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 24. marz 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

REIKNINGUR

53

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands 1951.

T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun	kr. 1759309.76
2. Innlög á árinu	— 158144.98
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum	kr. 26356.29
b. — skuldabréfum	— 42766.50
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 11851.81
	— 80974.60
4. Endurgreitt af lánum	— 66131.34
5. Til jafnaðar við gjaldlið 2	— 209000.00
6. Til jafnaðar við gjaldlið 4	— 55185.67

Kr. 2328746.35

G j ö l d :

1. Úttekið af innstæðum	kr. 56069.94
2. Lán veitt	— 209000.00
3. Kostnaður	— 8255.00
4. Vaxtaafgangur	— 55185.67
5. Til jafnaðar við tekjulið 4	— 66131.34
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 692955.46
b. Í skuldabréfum	— 878950.00
c. Í Landsbanka Íslands	— 362198.94
	— 1934104.40

Kr. 2328746.35

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. janúar 1952.

Sigurgeir Sigurðsson.